

26.11.2023 (#7 2023-2024) kl. 17:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Margrét J. Magnúsdóttir, Sveinn Símonarson, Hildur Andrjesdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð. Fjarverandi voru Sædís Jónsdóttir og Katrín Pálsdóttir. Þá sat **Geir Ómarsson** verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða Geirs
3. Gjaldkeri starfsmaður
4. Stefnumótun
5. Guðlaug Edda - nýr þjálfari
6. Unglingaverkefni
7. Formannafundur #2 aflýsa?
8. Reglugerðir á netið
9. Þing 2024, dagsetning og kostningar
10. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Staða Geirs

Valerie kemur fram með tillögu að breytingu á starfsheiti Geirs úr verkefnastjóri í framkvæmdastjóri.

Samþykkt

3. Gjaldkeri starfsmaður

Valerie leggur fram tillögu um að ráða Valdimar Leó Friðriksson sem gjaldkera frá janúarbyrjun. 100.000 kr á mánuði + launatengd gjöld.

Samþykkt

4. Stefnumótun

Geir fer yfir stefnumótunarfundinn sem haldinn var 4. nóvember síðastliðinn. Fundurinn gekk vel og það var fínasta mæting, rúmlega 20 manns. Geir deilir glærum sem unnar voru af Guðrúnu frá Strategíu sem leiddi fundinn. Næstu skref eru að fara yfir niðurstöðurnar og færa inn í stefnumótunarskjalid og fara með drög að stefnunni í samráð.

5. Guðlaug Edda - nýr þjálfari

Valerie upplýsir stjórnina um að þjálfari Guðlaugar Eddu hafi ákveðið að hætta samstarfinu við hana og Sigurður Örn tekið við sem þjálfari. Það er stefnt á fyrstu keppni í febrúar eða mars og að Guðlaug Edda og Sigurður Örn fari í æfingabúðir til Fuerte Ventura í febrúar.

6. Unglingaverkefni

Geir og Valeríe gefa skýrslu um starf Ragnar Guðmundssonar. Ragnar stefnir á að vera með fundi með hverju þríprautarfélagi í lok janúar til að fara yfir þjálfun unglunga. Hann er þegar búinn að vera með fundi með skóla á Akureyri og hefur verið að hitta fulltrúa skóla í Danmörku. Geir hefur verið að setja inn fréttir inn á Facebooksíðu Þríprautarsambandsins af vinnu Ragnars.

7. Formannafundur #2 aflýsa?

Valerie talar um að við náum ekki að halda formannafund #2 fyrir jól vegna anna og leggur til að við sendum í staðinn bréf til formanna.

Samþykkt

8. Reglugerðir á netið

Umræður fóru fram um nefndir á vegum ÞRÍ. Valerie leggur til að reglugerðirnar verði settar á netið í því formi sem þær eru í dag. Mikil vinna hefur þegar átt sér stað og það er mat stjórnarmanna að reglugerðirnar séu allar tilbúnar fyrir birtingu.

Samþykkt

9. Þing 2024, dagsetning og kostningar

Á næsta ári er formannssæti aftur laust. Valerie er hvatt til að bjóða sig fram aftur. Samhljóma áskorun allra stórnarmanna sem sitja fundinn. Valerie mælir með 6. apríl 2024 eða 13. apríl 2024.

10. Önnur mál

Margrét M. fer yfir formannafund ÍSÍ sem hún sat fyrir hönd ÞRÍ.

Sveinn spurði út í stöðu afreksnefndar og sagðist tilbúinn að leiða nefndina í fjarveru Sædísar.

26.11.2023
Fundur #7

Valerie fór yfir samtal sem ÞRÍ hefur átt við Superleague –Ólíklegt að keppni verði haldin hér á landi á næsta ári en kannski 2025.

Fundi slitið kl. 18.48

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 14. janúar 2024.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.